

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjordur.is



4. fundur Framkvæmdanefnd um uppbyggingu knatt húss á Ásvöllum, þann 19. maí 2020, kl. 16:15.

Viðstaddir voru.

Starfshópur.

Kristinn Andersen, formaður
Brynjar Þór Gestsson
Daði Lárusson
Samúel Guðmundsson
Jóhann Unnar Sigurðarson

Með starfshópnum starfa:

Sigurður Haraldsson	Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs
Geir Bjarnason	Íþrótt- og tómstundarfulltrúi
Rósa Steingrimsdóttir	Sviðstjóri fjármálasviðs
Magnús Gunnarsson	Framkvæmdastjóri Hauka

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Áhrif COVID-19 á fjárhagsstöðu og framkvæmdir Hafnarfjarðarbæjar – eftir því sem upplýsingar liggja fyrir.

Rósa Steingrimsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs fór yfir stöðu fjármála hjá Hafnarfjarðarbæ. Tekjur eru lægri en áætlað var í fjárhagsáætlun og verið er að vinna í að fá fjármagn til að standa undir rekstri og fjárfestingum.

2. Frumhönnunarskýrsla frá Verkís, næstu skref.

Sigurður er að ljúka við samning við Verkís, þar sem kostnaðarmat verður í skýrslunni og næstu leiðir til útboðs. Samþykkt að setja þetta verkefni af stað.

3. Staða skipulagsmála og undirbúningur íbúðabyggingar.

Skipulagsdeildin er að ljúka við deiliskipulagið í samvinnu við Skipulagsstofnun, bætt var við umhverfisskýrslu á deiliskipulagsuppráttinn. Vonast er eftir því að deiliskipulagsuppráttur fari í B- deild 15. júní.

4. Staða úrræða utanhúss – útvöllur.

Magnús Gunnarsson fór yfir stöðu á verkefninu, búið er að uppmæla svæðið og verktakar hafa lagt til gott yfirborðsefni á svæðinu. Samþykkt að jafna og undirbyggja svæðið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:15

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega og verður að Ásvöllum.